

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
19. des. 2011 10.4.3	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 16. desember 2011

Tilvísun: UST20111000098/mik

Efni: deiliskipulag fyrir Laugarvatn í Bláskógarbyggð.

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags 24. október síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Laugarvatn í Bláskógarbyggð

Almennt um lýsingu að deiliskipulagi

Um er að ræða ca. 140 ha svæði innan þéttbýliskjarna Laugarvatns. Íbúðabyggðin er á um 15 ha svæði milli Laugarvatnsvegjar og stöðuvatnsins. Meginmarkmið deiliskipulags eru; að staðfesta lóðarmörk og lóðarstærðir, endurskoða framboð af íbúðarlóðum, skilgreina útivistarsvæði og græn svæði með verndargildi, skipuleggja legu stíga, gangstétta og annara göngutenginga, verndun stöðuvatns og aðgengi að því, endurskoða staðsetningu og fjölda bílastæða við opinberar stofnanir og á þjónustulóðum, endurskoðun gatnakerfis, verndun þjóðminja og skráningu fornminja og endurskoðun og þarfagreining á atvinnu-, verslunar-, og þjónustusvæðum. Lögð verður áhersla á að Laugarvatn haldi sérkennum sínum sem skólasetur og að yfirbragð byggðarinnar verði áfram gróðursæl, lágreist byggð með góðum tengslum við útivistarsvæði.

Í greinagerð kemur fram að ekki er gert ráð fyrir að skipulagsáætlunina þurfi að meta skv. lögum nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana.

Náttúruminjar

Innan deiliskipulagssvæðisins er hluti af svæði nr. 741. á Náttúruminjaskrá sem er Laugarvatn. Um það svæði segir „Laugarvatn, Laugardalshreppi, Árnessýslu. (1) Vatnið ásamt mýrlendi við Djúpárós og fenjasvæði norðaustanvert við það. (2) Stöðuvatn og votlendið umhverfis, sem að einhverju leyti er undir áhrifum frá jarðhita. Gróskumikill gróður, fundarstaður sjaldgæfra jurta“. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að svæðinu við strönd Laugarvatns verði ekki raskað vegna þess vistkerfis sem þar er að finna og hýsir sjaldgæfar jurtir. Í 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 sem fjallar um sérstaka vernd segir m.a. að stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri ásamt mýrum og flóum njóti sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunnar og náttúruverndarnefndar áður en veitt er framkvæmda- eða byggingaleyfi, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun þessara jarðmyndana og vistkerfa nema fyrir liggja aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laganna.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er ekki heimilt að byggja nær vötnum, ám eða sjó en 50 metra. Í skilgreiningu vatna, áa og sjávarsvæða í fyrrnefndri skipulagsreglugerð falla vatnsfletir vatna, fallvatna og sjávar og er almennt ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða

Niðurstaða

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að gerðar verði fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að verndargildi svæðis á náttúruminjaskrá og næsta nágrenni þess verði ekki spillt með aukinni umferð um svæðið, aukinni mannvirkjagerð en einnig vegna frárennslis- og úrgangsmála. Umhverfisstofnun telur líkur á því að skipulagsáætlunin falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana nr. 105/2006 og að tilkynna beri Skipulagsstofnun til ákvörðunar um mat á umhverfisáhrifum.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við lýsingu deiliskipulags fyrir Laugarvatn í Bláskógabyggð

Virðingarfyllt



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Deildarstjóri



Hákon Ásgeirsson
Sérfræðingur

Afrit; Skipulagsstofnun